

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. ágúst 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Breytingin felst í að:

- Nýtingu lóðar nr. 73 verður breytt í opið svæði í sameign allra lóðarhafa og á henni má ekki byggja hús.
- Lóðin nr. 72 breytist í 2 lóðir, 72 og 72a.
- Lóðinni nr. 74 verður breytt í þrjár lóðir, 74, 74a, og 74b.
- Göngustígur á milli lóðanna nr. 78 og 80 fellur niður.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 10. desember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.